


Heiðarskóli



Valgreinar fyrir skólaárið 2026 - 2027



SKÓLAHREYSTI

Valáfangar í 8., 9. og 10. bekk

Skólaárið 2026-2027

Senn fer þessu skólaári að ljúka og nemendur þurfa að fara að huga að námi sínu næsta vetur. Í þessu hefti eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði næsta skólaár. Einnig er sagt frá fjölda kennslustunda í kjarnagreinum.

Miðað er við að nemendur hafi að lágmarki 37 kennslustundir í stundatöflu. Nemendur í 9. og 10. bekk stunda nám í kjarnagreinum samtals 29 stundir og gefst kostur á að velja sér 8 stundir í vali sem samsvarar **16 valgreinum** yfir skólaárið. Nemendur í 8. bekk sækja 31 stundir í kjarnagreinum og velja sér 6 stundir sem samsvarar **12 valgreinum** yfir skólaárið.

Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Fjölmargar valgreinar eru í boði í Heiðarskóla í list- og verkgreinum en einnig í bóklegum greinum. Flestar kjarnagreinarnar eru bóklegar og gott er fyrir nemendur að skoða val sitt í því ljósi. Það getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til þess að námið verði fjölbreyttara. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Þær eru jafn mikilvægar og kjarnagreinar og sömu kröfur eru gerðar um ástundun og námsframmistöðu. Mætingar og vinnusemi í tíma eru hlut af námsmati.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur reynst að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og er þá vara valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinunum og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst á komandi hausti.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti. Nemendur eiga að skila inn valinu rafrænt fyrir **21. maí**. Rafrænt valblað og upplýsingaglærur er hægt að nálgast inn heidarskoli.is/nemendur og nám/valgreinar.

Með góðum kveðjum
Skólastjórnendur og námsráðgjafi

Yfirlit valgreina – skólaárið 2026 – 2027

Valgreinar með þetta merki ∞ má velja oftár en einu sinn

Valtímabil 1 31. ágúst – 30. okt.				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Matr. og bakstur 9. og 10.	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matreiðsla 9. og 10. b.	Hárgreiðsla
Stuttmyndagerð ∞		Skrautskrift 1	Skólahreysti 9. og 10. b.	Stærðfræði ∞
Enski boltinn		Spænska 1	Hjólaval	Undirb./f. ökunám
Málun, teiknun og mótun		Spilaval - Kani	Ljósmyndun	Söngur/kór
Náttúrufræðitilraunir		Rafíþróttir ∞	Prjón/hekl	Minecraft
Smíði		Frístund kl. 14:00	Ég og framtíðin 10. b.	Förðun
Nagllist			Nesvellir	Rafíþróttir ∞
Frístund			Frístund	
Nemendaráð				

Valtímabil 2 2. nóv. – 15. jan.				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Bakstur 9. og 10. b.	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matr. og bakst. 9. og 10. b.	Hárgreiðsla
Badminton		Bókaklúbbur	Skólahreysti 9. og 10.	Stærðfræði ∞
Málun og listsköpun ∞		Leiklist 1/6	Veggjaskreytingar ∞	Leiklist 2/6
Nagllist		Spænska 2	Prjón/hekl	Undirb./f. ökunám
Smíði		Rafíþróttir ∞	Ég og framtíðin 10. b.	Forritun
Frístund		Frístund kl. 14:00	Kvikmyndir	Förðun
Nemendaráð			Frístund	Rafíþróttir ∞

Valtímabil 3 18. jan. – 19. mars				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Matr. og bakstur 9. og 10. b.	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matreiðsla 9. og 10. b.	Hárgreiðsla
Badminton		Fjármálafræðsla 9. og 10. b.	Skólahreysti 9. og 10.	Heimspæki
Leiklist 3/6		Leiklist 4/6	Veggjaskreytingar ∞	Leiklist 5/6
Myndræn tjáning 1 ∞		Danskar kvikmyndir	Textíll	Minecraft
Smíði		Rafíþróttir ∞	Ég og framtíðin 10. b.	Förðun
Innanh. Hönnun		Spænskt TV	Nagllist	Rafíþróttir ∞
Nemendaráð		Frístund kl. 14:00	Frístund	
Frístund				

Valtímabil 4 30. mars – 28. maí				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Bakstur 9. og 10. b.	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matr. og bakstur 9. og 10. b.	Heilahvöld 9. og 10. b.
Enski boltinn		Tækni og rökhugsun	Skólahreysti 9. og 10. b.	Ég og framtíðin 10. b.
Myndræn tjáning 2		Uppeldi og menntun	Textíll	Leiklist 6/6
Smíði		Spilaval - Kani	Nesvellir	Þrívíddarhönnun
Náttúrufræðitilraunir		Rafíþróttir ∞	Nagllist	Förðun
Stuttmyndagerð		Frístund kl. 14:00	Frístund	Rafíþróttir ∞
Frístund				
Nemendaráð				

Val í FS kl. 15:00 – 16:20	
Þriðjudagar	Miðvikudagar
Textíll og hár – TXHÁ1FH05 (10. bekkur)	Spænska – SPÆN1SO05 (10. bekkur)
Enska – ENSK2KO05 (10. bekkur)	Stærðfræði – STÆR2AH05 (10. bekkur)
Rafmagn – RAFG1KY05 (9. og 10. bekkur)	Húsasmíði - HÚSA1KY05 (9. og 10. bekkur)
Húsasmíði - HÚSA1KY05 (9. og 10. bekkur)	Málmsmíði/suða - MALM1MA05 (9. og 10. bekkur)

Valgreinar innan skólans

Hérna koma upplýsingar um hverja valgrein fyrir sig. Til þess að auðvelda þá eru valgreinarnar merktar þeim bekkjum sem valgreinarnar eiga við.

8. bekkur 8

9. bekkur 9

10. bekkur 10

Valgreinarnar eru kenndar á mánudögum og fimmtudögum kl. 14:00 - á miðvikudögum kl. 8:10 og föstudögum kl. 12:30 - Hver valgrein er kennd í 9 vikur sem gera 4 val tímabil yfir skólaárið.

Bakstur 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum.
- Geti unnið sjálfstætt.
- Þjálfir verklega færni.



Kenntilithögun:

Nemendur baka gerdeig, hrært deig, þeytt deig, sætt og ósætt eftir mismunandi uppskriftum.

Badminton 8 9 10

Markmið að nemendur:

- Læri grunnatriði í badminton.
- Geti tekið þátt í einliða- og tvíliðaleik.
- Þekki helstu leikreglur í badminton.



Nemendur mæta í íþróttafötum í íþróttasalinn og æfa sig í badminton. Áhersla lögð á að auka færni nemenda, byggt ofan á þann grunn sem nemendur hafa fengið í badminton í skólaíþróttum. Nemendur læra bæði einliða- og tvíliðaleik.

Bókaklúbbur 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Njóti lesturs fjölbreyttra og áhugaverðra bókmennta.
- Geti rætt um bókmenntir og tjáð skoðun sína á þeim.



Kenntilithögun:

Hópurinn velur í sameiningu bók/bækur til að lesa. Lesturinn fer fram heima og í kennslustundum og unnin verða skemmtileg verkefni og myndaðar áhugaverðar samræður um bækurnar.

Brú milli kynslóða (Nesvellir) 8 9 10

Nemendur taka þátt í reglulegri samveru með eldri borgurum á Nesvöllum þar sem þeir lesa upp úr bókum, spila og eiga samtöl. Markmið verkefnisins er að efla samskiptafærni, ábyrgð og samfélagsvitund nemenda, á sama tíma og það stuðlar að vellíðan og félagslegri örvun hjá eldri þátttakendum.



Danskar kvikmyndir 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Njóti þess að horfa á kvikmyndir og bæta færni sína í dönsku á sama tíma.
- Kynnist dönskum kvikmyndum en þar sem danskar kvikmyndir eru ekki mikið sýndar í íslensku sjónvarpi er þetta kjörið tækifæri til að kynnast þessum hluta danskrar menningar.

Kennslutilhögun:

Sýndar verða ýmsar tegundir kvikmynda og verkefni unnin úr þeim. Lögð verður áhersla á að nemendur geti tjáð sig um efnið bæði munnlega og skriflega. Verkefni eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni og eiga að auka færni nemenda í ritun jafnt sem töluðu máli. Þeir námsþættir sem verið er að þjáfa eru áhorf, hlustun, tal og ritun.



Enski boltinn 8 9 10

Enska knattspyrnan skoðuð frá ýmsum sjónarhornum til að auka þekkingu og skilning á þessu rótgróna fyrirbæri sem á sér sögu aftur á 19. öld en knattspyrnan var einmitt fundin upp á Englandi. Farið verður yfir margs konar tölfræði sem tengist enskri knattspyrnu. Deildar- og bikarkeppnir skoðaðar sem og árangur einstakra liða og einstaklinga. Jafnframt verður farið í sögu nokkurra valinkunnra félaga, bestu leikmenn enskrar knattspyrnu kynntir ásamt leikgreiningu og fleira.



Einnig verður veðjað á tíu leiki fyrir hverja helgi og farið yfir úrslitin á mánudeginum. Sá sem er með flesta réttu leikina eftir hverja helgi fær skemmtilegan vinning á mánudeginum.

Verklegir og bóklegir tímar.

Ég og framtíðin ¹⁰

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist sjálfum sér og áhugasviði sínu betur.
- Fræðast um nám og störf í boði.
- Geti tekið ákvörðun um nám á næsta skólastigi.
- Kunni að gera ferilsskrá og kynningarbréf.
- Þekki það helsta í framhalds- og menntaskólakerfinu.



Kennslutilhögun:

Í tímum vinnum við með bókina „Ég og framtíðin: verkefnabók í náms og starfsfræðslu“. Við stefnum á að hafa tímana líflega og mynda fróðlegar umræður um leikni í lífinu og nám og störf í samfélaginu. Þessir tímar eru ætlaðir til að aðstoða nemendur við að finna sér framhaldsnám við hæfi við lok 10. bekkjar. Þau læra að leita sér að vinnu og hvernig á að bera sig að við að sækja um vinnu. Þessi áfangi er **skylda fyrir nemendur í 10. bekk** 😊 Þið getið hins vegar valið ykkur í hvaða hóp þið setjið ykkur. Það er einn hópur í boði á hverju tímabili.

Förðun ^{8 9 10}

Markmiðið er að nemendur:

- Læra grunntækni í förðun.
- Læra um húðumhirðu.
- Fáí þjálfun í að farða.

Á þessu námskeiði lærum við um grunnþætti förðunar og prófum nokkrar tegundir eins og dagförðun, kvöldförðun og fl. Farið verður í hvernig best sé að hugsa um húðina sína og hvað þarf að hafa í huga þegar við erum að farða okkur.



Námstilhögun:

Nemendur skiptast á að farða hvort annað samhliða fræðslu frá kennara. Kennari mun hafa helstu förðunarvörur til afnota og nemendur geta komið með sína eigin.

Fjármálafræðsla ^{9 10}

Markmiðið er að nemendur:

- Geti tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu
- Verði gagnrýnir neytendur
- Geti gert kostnaðaráætlun og haldið bókhald
- Fáí skilning á helstu fjármálahugtökum



Kennslutilhögun:

Nemendur fást við verkefni úr samfélaginu þar sem afla þarf upplýsinga og meta þær m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum og neyslu. Farið verður yfir helstu hugtök sem snúa að fjármálum t.d. vextir, laun, lífeyrir, sparnaður, útgjöld og skattar.

Forritun 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist grunnþáttum forritunar.

Kennslutilhögun:

Farið verður í grunnþætti forritunar. Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem vilja kynna sér undirstöðuatriði forritunar. Kennari veitir fræðslu um forritun og leggur til verkefni við hæfi.



Frístund 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fáa tækifæri til þess að kynnast fjölbreyttu starfi með börnum.

Kennslutilhögun:

Nemendur taka þátt í starfi Frístundarheimilis Heiðarskóla, fara í leiki með börnunum og aðstoða umsjónarmenn við utanumhald. Hámarksfjöldi nemanda hvern dag í frístundarvali eru 4.



Hárgreiðsla 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist mismunandi hárgreiðslum, umhirðu hársins, mismunandi hárvörum og hvernig hægt sé að nýta sér hin ýmsu áhöld svo sem, sléttujárn, krullujárn og keilujárn til að ná fram ákveðnu útliti.



Kennslutilhögun:

Skoðaðar verða bækur og youtube myndbönd og fundnar áhugaverðar hárgreiðslur og fléttur. Nemendur æfa sig á hver öðrum.

Heilahvöld 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Verði meðvitaðir um mikilvægi heilahvíldar í nútímasamfélagi.
- Læri leiðir til að hvíla heilann frá stöðugu áreiti.

Kennslutilhögun:

Tímarnir fara fram bæði inni og úti. Við vinnum með ýmis konar fræðslumola um heilsu og förum í fjölbreytta verkefnavinnu svo sem náttúrugöngu, slökun, núvitundaræfingar, sjálfsskoðun og leiki.



Hekl/prjón 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- kynnist hekli og prjóni
- efli færni sína í handavinnu
- vinni verkefni frá hugmynd að fullunnu verki



Kennslutilhögun:

Farið verður yfir helstu grunnatriði bæði í hekli og prjóni. Nemendur velja hvora aðferðina þeir nýta í verkefnavinnu. Fara í hugmyndavinnu, nýta bækur og miðla til að velja verkefni, í samráði við kennara.

Hjólaval 8 9 10

Markmið að nemendur:

- Kynnist nærumhverfi sínu.
- Geti klætt sig eftir veðri.
- Vinni vel saman í hóp.



Kennslutilhögun:

Nemendur mæta á hjólum í hjólaval og klæða sig eftir veðri. Hjólað verður bæði um nærumhverfið og aðeins lengri vegalengdir ef veður leyfir. Nemendur taka þátt í hinum ýmsu leikjum og verkefnum á hjóli og útbúa jafnvel sjálfir hjólaverkefni.

Heimspeki 8 9 10

Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver helstu viðfangsefni hennar eru. Hvernig heimspekingar fást við ýmis málefni líðandi stundar. Nemendur munu fá þjálfun í heimspekilegri rökræðu og munu takast á við fjölmörg viðfangsefni daglegs lífs með heimspekilegum aðferðum.

Markmiðið er að nemendur:

- kynnist heimspeki sem fræðigrein og ýmsum greinum og viðfangsefnum heimspekinnar. Að þeir skilji gagnrýna hugsun og geri greinarmun á henni og almennu nöldri.
- finni leið til þess að auka á hamingju sína og lífsgleði og nái að skoða hversdagsleg fyrirbæri heimspekilega.



Innanhúshönnun 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Setji saman sínar hugmyndir af ákveðnum rýmum þar sem bæði verður unnið með blöð og lpad. Rýmið mun enda sem þrívítt form.



Kennslutilhögun:

Nemendur fá kynningu á hönnunarforritum/öppum sem henta vel fyrir byrjendur í innanhússhönnun og vinna með þau.

Kvikmyndir 8 9 10

Markmiðið er að nemendur geti:

- Notið áhorfs vandaðra bíómynda, rætt um þær, metið og túlkað.
- Tjáð hugsanir sínar og hugmyndir á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og rökræðum.



Kennslutilhögun:

Ef þú ert áhugamanneskja um vandaðar bíómyndir þá er þetta valgrein fyrir þig. Horft verður á vel valdar kvikmyndir og spennandi verkefni unnin út frá þeim.

Leiklistarval 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fáí þjálfun í almennri framkomu á sviði, dansi, söng, radd- og líkamsbeitingu.
- Efli/öðlist sjálfstraust og sköpunargleði.
- Geti komið fram fyrir áhorfendur, sungið, leikið og dansað.



Kennslutilhögun:

Valgreinin verður kennt á 2., 3. og 4. tímabili og mun gilda sem 6 valgreinar – **passa að velja alla dagana**. Þátttaka byggist í upphafi á almennum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum, dansi, söng og spuna. Þá er einnig lögð áhersla á sviðsframkomu og notkun hljóðnema. Nemendur æfa svo og sýna árshátíðarleikverk sem sýnt verður á árshátíð skólans. Nemendur þurfa að gera ráð fyrir kvöld- og helgaræfingum þegar sýningartími nálgast og þurfa þá jafnvel að fórna öðrum æfingum/tómstundum. Þá þurfa nemendur einnig að vera klárir í almennar sýningar að kvöldi til sem fara oftast fram vikuna eftir árshátíð.

Ljósmyndun 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Nái að efla leikni sína í stafrænni ljósmyndun.

Kennslutilhögun:

Nemendur fá fræðslu um grunnþætti ljósmyndunar. Unnin verða verkefni sem dýpka þekkingu og eykur gæði ljósmynda. Nemendur koma til með að vinna einhvern hluta utan kennslustofu.



Matreiðsla 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í mismunandi eldunaraðferðum.
- Geti unnið sjálfstætt.
- Þjálfist verklega færni.



Kennslutilhögun:

Nemendur spreyta sig í eldhúsinu á hinum ýmsu uppskriftum frá kennara.

Matreiðsla og bakstur 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í mismunandi eldunaraðferðum.
- Geti unnið sjálfstætt.
- Þjálfist verklega færni.



Kennslutilhögun:

Nemendur elda bæði og baka eftir uppskriftum og handleiðslu kennara.

Minecraft 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fá tækifæri til þess að skapa.
- Þjálfist rýmisgreind og rökhugsun.



Kennslutilhögun:

Minecraft er tölvuleikur sem gengur út á að byggja mannvirki úr kubbum í þrívíðri veröld. Kennari leggur verkefni sem nemendur eiga að vinna að og skapa í leiknum.

Málun, teiknun og mótun – blönduð tækni 1 8 9 10

Á námskeiðinu er unnið með ýmsar ólíkar aðferðir í teikningu og málun og gerðar tilraunir með blandaða tækni. Verkefnin sem lögð eru fyrir byggja á grundvallaratriðum sjónlista í tvívídd og þrívídd; formi, lit, áferð, ljósi og skugga. Áhersla er lögð á að veita nemendum svigrúm til tilrauna, virkja áhugasvið þeirra og sköpunargleði. Jafnframt er listasagan skoðuð til að auka skilning á þróun myndlistar og til innblásturs.



Stefnt er að því að nemendur geti nýtt sér þekkingu sína og færni sjálfum sér til gagns og ánægju.

Málun, listsköpun og núvitund 2 8 9 10

Í valinu Málun, listsköpun og núvitund er unnið að ákveðnum verkefnum í bland við frjálsa listsköpun. Hvert skapandi verkefni krefst hugmyndavinnu, einbeitingar og athygli og er þannig góð leið til þess að þjálfra upp núvitund.

Nemendur fá kennslu í tækni og aðferðum og kynnst ólíkum tegundum af litum, efnivið og meðhöndlun þeirra. Stefnt er að því að nemendur geti nýtt sér þekkingu sína og færni sjálfum sér til gagns og ánægju.



Myndræn tjáning 1 – skynjun, túlkun, tjáning 8 9 10

Myndræn tjáning 1 er tjáningarleið þar sem nemendum gefst tækifæri til þess að tjá sig á sinn einstaka hátt í gegnum fjölbreytt myndlistarefnivið. Myndræn tjáning gefur nemendum tækifæri til að virkja tjáningu í gegnum sköpun og efla ímyndunarafl sitt.

Megintilgangur myndrænar tjáningar er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum til að skapa tjáningalist, þar sem reynir á sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handar.



Myndræn tjáning 2 – skynjun, túlkun, tjáning 8 9 10

Myndræn tjáning 2. Framhald á Myndræna tjáningu 1. Nemendur tjá sig í gegnum fjölbreytt myndlistarefnivið og fá tækifæri til að efla sjálfstæði og sjálfstraust, byggja upp jákvæða sjálfsmynd, þjálfra einbeitingu og efla ímyndunarafl sitt.

Megintilgangur myndrænar tjáningar er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum til að skapa tjáningalist, þar sem reynir á sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handar.



Náttúrufræði/tilraunir 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fá tækifæri til að öðlast dýpri þekkingu á greininni, með beinni snertingu við viðfangsefnið.
- Læri að umgangast efni og áhöld sem fylgja tilraununum.
- Læri að þekkja þær hættur sem geta leynst í tilraunum.
- Læri skýrslugerð.

Kennslutilhögun:

Valið er hugsað fyrir þá sem hafa mikinn áhuga á náttúrufræði og vilja öðlast aukna þekkingu á greininni. Kennslan fer fram að miklu leyti í formi tilrauna og verklegri vinnu. Nemendur lesa sér til um ákveðið efni og gera tilraun um efnið. Nemendur gera skýrslu um tilraunina og sýna þannig fram á niðurstöður.



Naglalist 9 10

Markmið er að nemendur:

- Fræðist um naglalist. Læri að nota verkfæri og efni sem notuð eru við skreytingar á nöglum.
- Læri grunntækni við að lakka neglur og blanda liti. Þjálfa fínhreyfingar og sköpunargleði.



Kennslutilhögun:

Kennsluefni með myndum og myndböndum til að kynna naglalist. Umræður í hópum til að deila hugmyndum. Verklegar kynningar á verkfærum og efnum. Sýnikennsla á gellökkun og litablöndun. Verklegar æfingar þar sem nemendur æfa sig á naglalist.

Rafíþróttir 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fá innsýn í rafíþróttastarf.
- Læra samskipti og að vinna í teymi.
- Auka viðbrögð og samhæfingu.
- Þróa stefnumótandi hugsun.
- Læra þrautseigju og seiglu.
- Auka tæknikunnáttu.
- Efli færni í að hlúa að andlegri heilsu.
- Efli vitund um mikilvægi hreyfingar.



Kennslutilhögun:

Í rafíþróttavalinu fá nemendur innsýn í það hvernig rafíþróttæfing fer fram hjá RAFÍK. Nemendur mæta og gera líkamlegar æfingar til að undirbúa spilatíma í tölvuleikjum að eigin vali.

Æfingaform er eftirfarandi:

- 15 mínútur - Hreyfing og fræðsla
- 60 mínútur - Spilun eftir markmiði og skipulagi
- 5 mínútur - Slökun og teygjur

Nemendur koma sér sjálfir til og frá húsnæði RAFÍK við Hringbraut (K húsið).

Smíði og hönnun 8 9 10

Markmið er að nemendur:

- Efli sköpunargleði.
- Læri grunnhandtök í smíði.
- Verði öruggari við notkun verkfæra.



Kennslutilhögun:

Nemendur vinna verkefni í smíðastofu undir leiðsögn kennara. Verkefnin er valfrjáls og hönnuð frá grunni af nemendum með aðstoð kennarans.

Skrautskrift 1 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrif.
- Læri myndun stafa, stafagerð, form þeirrar og lögun.
- Læri einfaldar skreytingar s.s. lykkjur og skyggingar.

Kennslutilhögun:

Nemendur læra að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrif. Þegar búið er að ná tökum á beitingu verkfæra er farið í myndun stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift og smám saman læra þeir einnig einfaldar skreytingar. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.



Stærðfræði 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fá aukinn stuðning í stærðfræðinámi á unglingastigi.
T.d. aukinn stuðningur við þá sem velja stærðfræði í FS.
- Öðlist aukið sjálfstraust og færni í grunnatriðum stærðfræðinnar.



Kennslutilhögun:

Nemendur vinna í áætlun bekkjarins í stærðfræði ásamt því að vinna efni frá kennara.

Skólahreysti 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Auki styrk sinn og þol.
- Læri að setja sér markmið.
- Styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun.
- Geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni.
- Þjálfist í að taka þátt í undirbúningi fyrir íþróttamót.



Kennslutilhögun:

Námskeiðið nær yfir tvö tímabil. Tímarnir eru að öllu leyti verklegir og nemendur stunda alhliða líkamspjálfun bæði inni og úti. Nemendur fá tækifæri til að skipuleggja tíma fyrir sig sjálfa t.d. eigin þrek- og hraðþraut. Sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast „Skólahreysti.“

Í lok kennslutímans taka nemendur þátt í undankeppni „Skólahreysti Heiðarskóla“. Rétt er að geta þess að allir nemendur hafa kost á því að taka þátt í undankeppni fyrir „Skólahreysti“ hvort sem þeir velja þennan áfanga eða ekki.

Spilum Kana 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Læri á skemmtilegt spil.
- Upplifi hvað spil gefa mikið í félagslegum samskiptum.



Kennslutilhögun:

Kani er einfalt íslenskt spil þar sem markmiðið er að losna fyrstur við öll spilin sín. Spilarar skiptast á að leggja niður spil í sömu sort eða tölu og ef þeir geta ekki lagt út, þurfa þeir að draga spil. Spilið svipar til UNO en með sínar reglur.

Spænska 1 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Læri grunnorðaförða í spænsku svo sem að geta þýtt yfir á íslensku spænsk heiti yfir tölur, liti, vikudaga og læri einnig grunnatriði varðandi spænskan framburð.
- Fáí kynningu og þjálfun á vefsíður, öpp o.fl. sem þeir geta nýtt sér til að efla sig frekar í spænskunni bæði í kennslustund og utan skóla.

Kennslutilhögun:

Nemendur fá fræðslu um algeng orð framburð frá kennara. Nemendur fá svo að æfa orðaförðann sem unnið er með hverju sinni með því að vinna verkefnablöð frá kennara ásamt því að spreyta sig á gagnvirkum æfingum á vefsíðum / öppum.



Spænska 2 8 9 10

(nemendur þurfa að ljúka Spænsku 1 áður en farið er í Spænsku 2)

Markmiðið er að nemendur:

- Læri að nýta spænskan grunnorðaförða og undirstöðu í málfræði til að auka færni sína í spænsku rit- og talmáli.
- Þjálfist í skrifa og bera fram orð og setningar á spænsku tengt þeim orðaförða sem unnið er með hverju sinni.

Kennslutilhögun:

Kennari byrjar á að fara vel í þema tímans og útskýrir það sem þarf. Nemendur vinna svo verkefni tengt orðaförða þess þema. Verkefnin eru bæði skrifleg og munnleg. Nemendur fá frekari þjálfun í spænskum orðaförða, bæði skriflegum og munnlegum, læra að skilja algengar setningar og svara spurningum sem tengjast þeim sjálfum.

Nemendur fá einnig kennslu í undirstöðuatriðum í spænskri málfræði svo sem hljóð stafa, algengustu sagnir, samtengingar, spænska greininn, kyn, tölu, spurnarforöfn, persónu- og eignarforöfn.

Spænskt TV 8 9 10

(nemendur þurfa að ljúka Spænsku 1 áður en farið er í Spænskt TV)

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist fjölbreyttu sjónvarpsefni frá spænskumælandi löndum og læri að nýta sér fjölbreytt efni til að læra betur tungumálið.
- Auki við orðaforða sinn og æfist í að skilja spænskt talmál og texta með því að horfa á þætti, bíómyndir og hlusta á tónlist á spænsku.



Kennslutilhögun:

Horfum á fjölbreytt sjónvarpsefni (t.d. kvikmyndir, þætti, fréttir) og vinnum ýmis konar verkefni sem tengist efninu sem horft er á t.d. orð, frasa og menningartengt atriði.

Stuttmyndagerð 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fá innsýn í heim kvikmynda.
- Geti notfært sér þau tæki og forrit sem nauðsynleg eru við stuttmyndagerð.
- Kynnist hugmynda- og skipulagsvinnu sem fylgir kvikmyndagerð.
- Fá tækifæri til að nýta nýjustu tækni til sköpunar.



Kennslutilhögun:

Leiðsögn við gerð stuttmynda á iPad/spjaldtölvur Farið verður í handritagerð, myndatökur og klippingar. Nemendur vinna verkefni tengd myndatöku og gerð handrita. Nemendur vinna saman í hóp, þróa hugmynd og útfæra hana sem kvikmynd. Nemendur gera stiklu (trailer) fyrir myndina sína.

Söngur og sviðsframkoma 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Læri að nota raddtækni við söng.
- Fá tækifæri til að efla sönghæfileika sína.
- Fá tækifæri til að syngja fyrir framan áhorfendur.



Kennslutilhögun:

Nemendur velja, í samráði við kennara, lög sem þau vilja syngja. Nemendur fá þjálfun í raddupphitun, söngtækni og röddunum ásamt því að læra að syngja í míkrafón.

Textílmenn 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- nýti fyrri þekkingu í textílmenn og eflni færni sína
- þjálfist í að fara eftir leiðbeiningum
- vinni verkfæni frá hugmynd að fullunnu verki

Kennslutilhögun:

Nemendur hafa tækifæri til að vinna með eigið áhugasvið í textílmenn og vinna valfrjálst verkefni undir leiðsögn kennara. Nýtt er fyrri kunnátta nemenda í verkefnavinnu sem og möguleiki að læra nýjar aðferðir. Sem dæmi má vinna verkefni í útsaum, vélsaum eða öðru.

Tækni og rökhugsun 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Eflni hæfni sína í hópavinnu
- Þjálfri rökhugsun
- Nýti hugmyndaflug og sköpun

Kennslutilhögun:

Á námskeiðinu munu nemendur búa til **Breakout** fara í **minecraft** og **forrita**.



Breakout gengur út á það að setja saman þrautarleik sem nemendur reyna að leysa úr í sameiningu. Þrautirnar felast í því að reyna að finna vísbendingar í umhverfinu sem nýtast síðan til að opna lás fyrir næstu vísbendingu, nemendur hafa takmarkaðan tíma til þess að ljúka leiknum. **Minecraft** er skemmtilegur leikur sem gefur nemendum tækifæri til þess að skapa og nýta ímyndunaraflíð. Nemendum er úthlutað verk sem þau þurfa að skapa/byggja. Nemendur læra undirstöðuatriði **forritunar** og nýta meðal annars Sphero sem er forritanleg vélmenna kúla. Nemendur fá það verkefni að forrita kúluna í gegnum þrautabraut. Nemendur þurfa að beita rökhugsun og skipulagsvinnu



Undirbúningur fyrir ökunám 10

Markmiðið er að nemendur:

- Fái fræðslu um hvernig ökunámi og ökuþrófi er háttað.
- Fái svör við algengum spurningum varðandi ökunám og ökuréttindi.
- Fái fræðslu um ábyrgan akstur, umferðarmerki og umferðaröryggi.

Kennslutilhögun:

Farið verður yfir helstu þætti er varða akstur, ökunám og ökuþróf. Nemendur horfa á ökunáms- og umferðartengd myndbönd, fá fróðleikspunkta frá kennara og vinna verkefni sem tengjast þema hvers tíma.



Uppeldi og menntun 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist fjölbreyttu starfi á menntastofnunum og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin s.s. í grunnskóla, leikskóla og á bókasafni.
- Öðlast grunnfærni í skyndihjálp.

Kennslutilhögun:

Valáfanginn byrjar á námskeiði í skyndihjálp.


Eftir það fara nemendur á vinnusvæði og eru á hverju svæði í 2 kennslustundir á viku í u.þ.b. 3-4 vikur í senn. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni og í leikskólum. Nemendur skila stuttri greinagerð þegar kynningu á vinnusvæði lýkur.



Veggjaskreyting 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í hönnun og gerð leikmynda og leikmuna.
- Nýti sköpunargleði sína og ímyndunarafli.
- Kynnist undirbúningi að baki leikverks.
- Fái tækifæri til að efla áhuga sinn á listsköpun og taka þátt í að skreyta veggj skólans og auðga hann af list.



Námstilhögun:

Nemendur aðstoða við að finna út hvort þurfi að hanna leikmynd og sviðsmuni eða hvort hægt sé að nýta það sem til er fyrir

árshátíðaratriði sem sýnd eru í lok 3. valtímabils í samvinnu við kennara. Nemendur ásamt kennara útfæra veggjaskreytingu í sameiningu annaðhvort á sviði eða á öðrum veggjum skólans. Hugmyndarflug og sköpunargleði nemenda fær að njóta sín.

Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð hjá nemendum.

Prívíddarhönnun og sköpun 8 9 10



Markmiðið er að nemendur:

- Fái tækifæri til þess að skapa.
- Þjálfist í að nýta stærðfræði við sköpun.
- Kynnist Hönnunarforritinu CAD.

Kennslutilhögun:

Nemendur læra að hanna hluti að eigin vali með CAD-forriti.

Kennt verður hvernig hægt er að koma mælingum úr umhverfinu yfir á stafrænt form og þar með hannað hluti sem leysa raunveruleg vandamál. Nemandi hannar á valtímabilinu 3-4 hluti, og fær að velja sér einn af þeim hlutum sem verður 3D prentaður.



Valgrein heilan vetur

Samtals 4 valgreinar.

Nemendaráð/félagsmálafræði **8** **9** **10**

Valgreinin er ætluð þeim sem hafa mikinn áhuga á félagsstörfum.

Markmið:

að nemendur:

- Efli sinn félagslega þroska t.d. sjálfsmynd og sjálfstraust.
- Efli færni sína í tjáningu og samskiptum.
- Efli leiðtogaþæfileika sína.

að þjálfarar nemendur:

- Í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Í skipulagningu og framkvæmd viðburða.
- Í fundarsköpum, tjáningu og framsögn.

Kennslutilhögun:

Hlutverk nemendaráðs Heiðarskóla er m.a. að skipuleggja félagsstarf í skólanum, gæta að hagsmunum nemenda, miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans og taka þátt í viðburðum sem fram fara á skólaárinu. Ætlast er til að nemendaráð myndi góð tengsl við nemendur skólans og verði yngri nemendum góð fyrirmynd. Skólinn gerir þá kröfu til stjórnar nemendaráðs að í því sitji ábyrgir nemendur sem sýni af sér **góða hegðun, frumkvæði í vinnubrögðum, stundi námið vel og hafi góða skólasókn**. Nemendur vinna mikið í hópum og kynna hugmyndir sínar. Þeir læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim. Unnið verður markvisst að framsögn, fundarsköpum, eflingu sjálfsmynda og lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur sem eru í nemendaráði er skylt að vinna á viðburðum sem haldnir eru í skólanum. **Nemendur á unglingastigi munu kjósa meðlimi í nemendaráð af þeim sem sækja um ef aðsókn er mikil.**

Á haustin fer fram kosning innan ráðsins á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Áætlað er að nemendaráð taki virkan þátt í starfi skólans og taki á móti skólaheimsóknum fyrir hönd Heiðarskóla. Fulltrúi frá nemendaráði situr fundi í skólaráði. Fundir með stjórnendum fara fram tvisvar yfir skólaárið, einn á hvorri önn. Valið nær yfir allt skólaárið og gildir sem 4 valgreinar.

Helstu viðburðir á skólaárinu

Sameiginleg diskótek fyrir 5. – 7. bekk

Íþróttamót milli skóla og innan skóla

Diskótek og viðburðir fyrir nemendur Heiðarskóla

Gettu ennþá betur fyrir 8. – 10. bekk

Jóla- og páska bingó fyrir nemendur Heiðarskóla

Árshátíðarball fyrir 8. – 10. bekk í Reykjanesbæ

Diskótek fyrir yngstu nemendur Heiðarskóla

Námsmat í valgreinum innan skólans

Námsmat fer fram í öllum valgreinum út frá hæfniviðmiðum í námskrám í Mentor. Við lok tímabils er frammistaða nemenda metin með hæfnitáknunum 5 í hverju hæfniviðmiði auk þess sem nemendur fá L (lokið) eða Ó (ólokið) í samantekt. Á útskriftarskjöl nemenda í 10. bekk fara bókstafirnir L eða Ó. Til þess að unnt sé að meta hæfni nemenda og það hvort valgrein telst vera lokið eða ólokið þarf nemandi að hafa **mætt og tekið þátt í minnst 50% kennslustunda** á valgreinatímabili.

Valgreinar utan Heiðarskóla

Eftirfarandi valmöguleikar eru allt skólaárið og gilda sem **4 valgreinar**. Þeir valáfangar sem koma hér á eftir eru í samstarfi við aðila utan skólans og kennsla fer fram annarsstaðar en í Heiðarskóla. Hámark á nýtingu vals utan skóla er 160 mínútur eða **8 valgreinar** á skólaárinu samkvæmt aðalnámsskrá grunnskólanna.

Fjörheimaval 8 9 10

Nemendur sem taka þátt í klúbbstarfi félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima geta fengið það metið inn sem valgreina. Námsráðgjafi vinnur í samstarfi við starfsfólk Fjörheima og fær upplýsingar um mætingar nemandans.

KSÍ C1 knattspyrnuþjálfaranámskeið 10

KSÍ C1 er grunnnámskeið í Knattspyrnuþjálfun þar sem nemendur læra öll helstu undirstöðuatriði þjálfunar á börnum. Farið verður yfir kennslufræði, þjálffræði og uppbyggingu æfinga. Námskeiðið er bæði bóklegir fyrirlestrar og verklegar æfingar þar sem nemendur fá reynslu í að þjálfva börn. Einnig er hluti af námskeiðinu dómarnámskeið þar sem farið er yfir dómgæslu og knattspyrnulögin og taka nemendur dómaraáttindi til að dæma í yngri flokkum. Einnig er farið stuttlega yfir einelti í íþróttum og viðbrögð við einelti.

KSÍ C1 er fyrri hluti C-þjálfaragráðunnar sem kennd er á vegum KSÍ. Nemendur geta sótt KSÍ C2 hjá KSÍ eftir að hafa lokið C1 og eru þá komnir með KSÍ C þjálfaragráðu. Kennari námskeiðsins er Sólrún Sigvaldadóttir, leiðbeinandi hjá KSÍ og Yfirþjálfari yngri flokka hjá Keflavík.

Kennsla og aðstoðarþjálfun fer fram í Íþróttahúsinu á Sunnubraut og í Nettóhöllinni **allan veturinn**.

Tónlistarnám 8 9 10

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem valgreinar. Námsráðgjafi vinnur í samstarfi með tónlistarskóla og fær upplýsingar um mætingar nemandans.

Unglingadeildin Klettur 9 10

Nemendur sem starfa í unglingadeild Björgunarsveitar Suðurnesja geta fengið þjálfun sína þar metna sem hluta af vali í skólanum.

Valið er hugsað fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Nemendur skila inn staðfestingareyðublaði með undirskrift þjálfara/leiðbeinanda og forráðamanns tvisvar sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í unglingadeildinni.

Markmið:

- Að nemendur kynnist starfi björgunarsveita.
- Að efla skilning nemenda á mikilvægi björgunarmála.
- Að efla félaglegan þroska nemenda.

Íþróttir/þjálfun í samstarfi við íþróttafélög 8 9 10

Þetta valfag er fyrir nemendur sem stunda íþróttir hjá deildum innan íþróttafélaga. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

Kennslutilhögun:

Nemendur stunda þjálfun í sinni íþróttagrein hjá sínu íþróttafélagi undir stjórn þjálfara. Heiðarskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingareyðublaði með undirskrift þjálfara og forráðamanns **tvisvar sinnum** á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í íþróttinni. Ef nemandi æfir tvær íþróttir þá getur hann fengið þær báðar gildar upp í val ef hann er ekki að nýta hámarkið sem eru 8 valgreinar.

Námskröfur:

Nemendur mæta til allra æfinga sem þjálfari gerir kröfur um. Félag/deild viðkomandi íþróttagreinar leggur fram kennslu og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar.

Ef nemandi hættir í tómstund/íþrótt ber foreldrum skylda til þess að láta námsráðgjafa vita um leið. Námsráðgjafi úthlutar þá nemandanum nýja valgrein.

Námsmat í valgreinum utan skólans

Námsmat í valgreinum utan Heiðarskóla er unnið í samvinnu við ofangreinda aðila/stofnanir. Matið er unnið út frá mætingu og virkri þátttöku nemenda og er metið L (lokið) Ó (ólókið) við lok skólaárs. Þeir nemendur sem taka áfanga í FS sjá námsmat og fyrirkomulag á næstu síðum.

Framhaldsskólaáfangar allt árið - FS 9 10

Samtals **4 valgreinar** í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Ef nemandi stenst áfangann hefur hann unnið sér inn 5 framhaldsskólaeiningar á framhaldsskólastigi.

Sjá hæfniröfur fyrir framhaldsskólaáfangana hér fyrir neðan. Fyrir þá **alla** gildir einnig að litið er til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, brautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun við mat á því hvort nemandi hafi burði til þess að takast á við þessi verkefni.

Námsráðgjafi, deildarstjóri og kennari fara yfir og meta allar umsóknir og hvort að nemandi uppfyllir skilyrðin. Þegar umsókn hefur verið samþykkt sendir námsráðgjafi ásamt nemanda rafræna umsókn til FS í byrjun skólaárs.

Inntökuskilyrði í valgreinar í FS:

Stærðfræði - STÆR2AH05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem uppfylla skilyrði um framúrskarandi hæfni í stærðfræði við lok 9. bekkjar.

Enska - ENSK2O05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem uppfylla skilyrði um framúrskarandi hæfni í ensku við lok 9. bekkjar.

Rafmagn - RAFG1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Húsasmíði - HÚSA1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Málmsmíði/suða – MALM1MA05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Spænska – SPÆN1SO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru sterkir í tungumálum.

Textíl og hár - TXHÁ1FH05: Fyrir nemendur í 10. bekk.

Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Tímarnir hefjast kl. 15:00 og þeim lýkur kl. 16:20.
- Ef nemendur eru veikir eða þarf að tilkynna það með tölvupósti eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er **ekki** frí í valfögnum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefnið heima.

Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir skólinn, almennar upplýsingar og skólareglur.

Innritunargjald

Nemendur sem velja sér valgrein í FS þurfa að greiða innritunargjald kr. 6.000. Kennslan skiptist á tvo daga frá kl. 15:00 – 16:20 yfir allan veturinn. S.s. einn áfangi er kenndur yfir allt skólaárið.

Priðjudagar

Enska
Rafmagn
Textíll og hár
Húsasmíði

Miðvikudagar

Stærðfræði
Húsasmíði
Málmsmíði
Spænska

Lýsingar á fögum:

ENSK2O05

Áhersla er lögð á að nemendur verði enn betur læsir á fræðilega texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér grunnorðaförða akademískra texta, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Í fyrirrúmi er vandlegur lestur texta með það fyrir augum að byggja upp skilning og hagnýtan orðaförða. Lesið er bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að ritunarverkefnum og viðameiri verkefnum.

HÚSA1KY05

Nemandi hannar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, verklagni og framförum á því sviði. Vinnslu hugmyndar til veruleika.

MALM1MA05

Nemendum eru kennt að nota handverkfæri og einföldustu tæki til smíða og viðhalds vélbúnaðar. Nemendur læra að lesa á algengustu mælitæki og einföldustu vinnuteikningar og vinna eftir þeim. Vinnsluaðferðir eru sögun, sverfun, borun, snittun, beygingar, slípun og vélavinna. Farið verður yfir notkunar svið, meðhöndlun og umhirðu tækja og verkfæra. Samhliða fer fram fræðsla um slyshættu og öryggisþætti.

RAFG1KY05

Í áfanganum fá nemendur að kynnast störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir, eins og t.d. blikkara. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í grunndeild rafiðna.

SPÆN1SO05

Megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lestri, hlustun, tali og ritun. Einföld málfræðiatríði eru kynnt

og útskýrð. Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og viðeigandi málsnið. Umfjöllun um Spán, spænska menningu og spænskumælandi málsvæði. Efni á netinu kynnt og ýmis konar annað ítarefni, s.s. tónlist og myndefni

STÆR2AH05

Nemendur hafa val um að vera í staðnámi og mæta í tíma eða vera í fjarnámi og mæta þá bara í lotupróf. Meginefni áfangans er algebra, föll og mengi. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: Bókstafareikningur. Veldi og rætur. Jöfnur af öðru stigi. Könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi. Meðferð algebrubrota. Margliðudeiling. Ójöfnur af fyrsta og öðru stigi. Föll: Fallhugtakið innleitt og nokkur algeng föll kynnt. Mengi: Grunnhugtök mengjafræði. S.s. stök, hlutmengi, sammengi og sniðmengi.

TXHÁ1FH05

Kennsla fer fram einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn. Nemendur kynnst tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun. Textíl hlutinn er kenndur fyrrihluta skólaársins og hársnyrtihlutinn seinni hluta skólaársins.

Textíllhuti: Nemendur sauma t.d. leggings, bol/peysu, mjúkar buxur, tiskuteikning, litir o.fl. Hver og einn getur valið sér auðveld verkefni miðað við eigin stíl og fatasmekk. Kennt á saumavélar og að taka mál og velja snið eftir vexti. Nemendur þurfa að greiða efnisgjald fyrir efni sem þau nýta.

Hársnyrtihluti: Nemendur vinna verklega hluta t.d. Hárþvott og næringarnudd. Fræðast um helstu hársnyrtivörur. Kenndar verða fléttur og einfaldar greiðslur. Farið í gegnum hár- og húðumhirðu ásamt léttri förðun. Kennd notkun áhalda, sléttujárn, krullujárn, keilujárn, bylgju og vöflujárn.

Námsmat á FS valáföngum

FS sér um námsmat hjá nemendum sem sækja þessar greinar. Nemandinn fær aðgang að skráningar og upplýsingakerfinu Innu við upphaf áfangans – nauðsynlegt að nemandi sé með **rafræn skilríki** til að tengjast Innu.

Miðannarmat er sent út á foreldra og grunnskóla á miðju skólaári. Þannig gefst nemandanum tækifæri til þess að meta framvindu sína. Við lok skólaársins fær nemandinn einkunn fyrir áfangann inn á Innu sem grunnskólar færa einnig inn á Mentor. Nemendur vinna sér inn 5 framhaldsskólaeiningar ef þeir ná áfanganum.